

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „6.314“ í 2. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 7.103.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2008 vegna tekna ársins 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 789 kr. eða um 12,5% og nemi 7.103 kr. á hvern gjaldanda í stað 6.314 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga á tímabilinu desember 2005 til desember 2006. Byggingarvísitalan hækkaði á þessu tímabili um 12,5%.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 7.103 kr. á hvern gjaldanda í stað 6.314 kr. í gildandi lögum. Á árinu 2008 er gert ráð fyrir að gjaldendur verði um 183.560 og tekjur sjóðsins hækki um 211,3 m.kr. á greiðslugrunni.